



PricewaterhouseCoopers ehf.  
Skógarhlíð 12  
105 Reykjavík

KÓPAVOGSBÆI  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogur  
Sími: 441 0000  
[www.kopavogur.i](http://www.kopavogur.i)

Mál nr. 1402497  
21. nóvember 2017

**Efni: svar við fyrirspurn vegna greiðslna á dánarslysabótum í tengslum við andlát Einars Guðmundssonar, kt. 110952-7919.**

Í fyrirspurn Pricewaterhouse er óskað eftir upplýsingum um dánarslysabætur til handa ónafngreindar konu vegna andláts Einars Guðmundssonar, kt. 110952-7919, hinn 3. mars 2012. Nánar tiltekið er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Á hvaða grundvelli og heimild í kjarasamningi Kennarasambands Íslands ákvað bærinn að greiða umræddri konu bætur vegna andláts Einars Guðmundssonar?

Hinn 13. febrúar 2014 barst Kópavogsbað krafra lögmanns [REDACTED] dóttur, [REDACTED] um annarsvegar dánarslysabætur og hinsvegar lausnarlaun maka á grundvelli þágildandi kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara með gildistímann, 1. maí 2011 til 31. mars 2104.

Krafan um dánarslysabætur var byggð á 3. mgr. ákvæðis 7.1.2. sem er svohljóðandi:

„Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfellt fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:  
vegna slyss utan starfs 3.483.290 kr.  
vegna slyss í starfi 9.933.212“

Dánarslysabótkröfur sem berast til Kópavogsbaðar eru framsendar til Vís vátryggingafélags sem sér um afgreiðslu þeirra. Af þeim sökum getur Kópavogsbað ekki gefið upplýsingar um afgreiðslu Vís á fyrrgreindri kröfu og er bent á að hafa samband við Vís til að fá upplýsingar um þá kröfu.

Krafan um greiðslu makalauna (lausnarlauna), var gerð skv. ákvæði 13.2.5.2. og er ákvæðið svohljóðandi:

**„13.2.5 Lausnarlaun og laun til maka látins starfsmanns**

13.2.5.1 Þegar starfsmaður er leystur frá störfum skv. gr. 13.2.4.1-13.2.4.3, skal hann halda föstum launum skv. gr. 13.2.2.6 í 3 mánuði.

**13.2.5.2** Sama gildir um greiðslu vegna látins starfsmanns ef hinn látni var í hjúskap, staðfestri samvist, skráðri sambúð eða sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar í merkingu 44. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993.

13.2.5.3 Þegar starfsmanni er veitt lausn skv. gr. 13.2.4.1-13.2.4.3 eða hann andast, skal greiða laun hans, svo sem ella hefði verið gert, til loka lausnar- eða andlátsmánaðar áður en laun skv. gr. 13.2.5.1 -13.2.5.2 koma til álita. Þetta á þó ekki við ef launagreiðslum hefur áður lokið, t.d. vegna þess að réttur til launa í veikindum skv. gr. 13.2.2.1-13.2.2.10 var tæmdur.“

Ákvæði kjarasamningsins á sér hliðstæðu í ákvæði 3. mgr. 30. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sem kom inn með starfsmannalögnum nr. 38/1954. Í frumvarpinu til þeirra laga var fyrst rætt um greiðslur til ekkju látins starfsmanns sem síðar var breytt eftir nefndarálit í greiðslu til maka en ekki eingöngu til ekkna. Framangreind ákvæði eru og hafa alltaf verið túlkuð á þann hátt að eingöngu maki látins aðila á tilkall til lausnarlauna og af þeirri ástæðu eru lausnarlaun (eða ígildi þeirra) aldrei greidd í þeim tilvikum sem maki er ekki til



staðar. Af þeim sökum kæmi slík greiðsla aldrei til skiptanna á meðal erfingja. [REDACTED]

2. Hvaða sönnun umrædd kona lagði fram til að sýna fram á tengsl sín við Einar Guðmundsson.

Líkt og kunnugt er kvæntist Einar Guðmundsson [REDACTED] dóttur hinn 2. júlí 2005 og fengu þau leyfisbréf frá Sýslumanninum í Reykjavík, dags. 27. júní 2011, um skilnað að borði og sæng. Samkvæmt gögnum sem bærinn hefur undir, m.a. opinberum gögnum og þeim er [REDACTED] létt bænum í té, flutti Einar ekki frá sameiginlegu heimili þeirra að Tunguseli 8 í Reykavík og hann lést í eldsvoða þar átta mánuðum síðar, hinn 3. mars 2012. Samkvæmt 35. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 þá falla réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng niður ef makar halda áfram sambúð umfram stuttan tíma sem sanngjarnit er að ætla þeim, einkum vegna búferlaflutnings og öflunar nýs húsnæðis. Með vísan til framangreinds liggur ljóst fyrir að [REDACTED] dóttir sem skráð er ekkja í Þjóðskrá og nefnd seinni kona Einars Guðmundssonar í æviágripi hans átti tilkall til framangreindra lausnarlauna.

3. Skýringar á því af hverju greiðslan var greidd beint til umræddrar konu en á sama tíma skráð sem greiðsla til dánarbús Einars.

lausnarlaunin voru greidd inn á vörsureikning lögmannstofunnar DeFacto ehf. sem fór með mál [REDACTED]. Lausnarlaunin voru greidd eins og önnur lausnarlaun hjá Kópavogsbæ - en lausnarlaun eru greidd eins önnur laun starfsmanna og í nafni þess sem andast en stíluð á eftirlifandi maka. Kópavogsbæ ber sem vinnuveitanda að vera búinn að greiða skatt af lausnarlaunum eins og af öðrum launum áður en þau eru greidd út nema þegar um er að ræða lausnarlaun þá er persónuafsláttur þess sem andast ekki nýttur. Lausnarlaun fara ekki inn í dánarbú og dánarbú þyrftu heldur ekki að greiða af þeim skatta ef svo væri þar sem búið er að taka af lausnarlaunum skatta líkt og fyrr greinir.

Kópavogsbær lítur svo á að málinu sé að fullu lokið og mun af þeim sökum ekki svara fyrir þetta mál aftur nema fyrir dómstólum.

Virðingarfyllst,

  
Hanna María Pórhallsdóttir hdl.